



Alþýðusamband Íslands

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. október 2014.  
Tilvísun: 201410-0017.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (hæfi dyravarða), 158. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (hæfi dyravarða), 158. mál.

Alþýðusambandið styður framangreint frumvarp enda er hér um brýnt hagsmuna- og framfaramál að ræða. Jafnframt er lögð áhersla á að við reglugerðarsmíðina verði haft samráð við stéttarfélag dyravarða og samtök þeirra, Starfsgreinasamband Íslands. Í því sambandi skal bent á að þegar er til staðar áralöng reynsla af námskeiðahaldi fyrir dyraverði í góðu samstarfi stéttarfélaganna og lögreglustjóra- og sýslumannsembætta á viðkomandi stað, sem mikilvægt er að nýta.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandi til að frumvarpið verði samþykkt hið allra fyrsta og efni þess hrint í framkvæmd.

Virðingarfyllt,  
f.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ